



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 8. febrúar 2016 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 11. janúar 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1502015 – Deiliskipulag, Fremri Gufudalur, breyting.

Nefndin samþykkir að deiliskipulagið verði auglýst skv. 43. gr. laga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

3. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og Sjávarböð.

Nefndin samþykkir að deiliskipulagið verði auglýst skv. 41. gr. laga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

- 3 1602003 – Álagning fasteignagjalda á jarðhita.

Fyrir nefndinni lá listi yfir þær borholur á Reykhólum sem nýttar eru, en eru ekki metnar til fasteignagjalda. Byggingafulltrúa falið að skoða málið.

- 4 1601012 – Fegrun þorpsins Reykhóla.

Rætt um steypustöðina við Maríutröð og ásýnd þorpsins. Byggingafulltrúa og sveitarstjóra falið að ræða við eigandann. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

4. 1602004 – Breytingar á byggingareglugerð nr. 112/2012.

Erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti dagsett 22. janúar 2016.

Erindið lagt fram og kynnt.

- 3 1602005 – Samræmd lóðaafmörkun.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 8. janúar 2016.

Erindi lagt fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 11.15 .
